



# Skógræktarfélag Selfoss

## Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss 2019-2020

Sumarið 2019 var hagstætt gróðri, sólríkt og hlýtt. Mörg lauftré sýndu mikinn vöxt. Vaxtarsprotar á birki voru oft um 60-70 cm langir eftir sumarið. Vörtubirki mældist með 95 cm ársvöxt. Minni vöxtur var á greni heldur en veðurskilyrði gáfu tilefni til. Líklega vegna lélegra skilyrða sumarið 2018. Ætti að vaxa vel í sumarið 2020.

Veturinn 2019-2020 var óvenju stórviðrasamur og talsverður snjór. Mikið norðan rok gerði 10. - 11. desember. Jörð var frostlaus og tré ultu um koll bæði í Hellisskógi og á Selfossi. Í Hellisskógi voru það eingöngu stór og umfangsmikil stafafurutré sem rifnuðu upp og lögðust á hliðina.

Aftakaveður síðar um veturinn virðast ekki hafa bætt neinu við tjón, nema vegna saltskemmda, sem þó hafa verið minna áberandi í Hellisskógi en víða annarsstaðar á Suðurlandi.

Góðviðrið síðastliðið sumar skilar sér núna sumarið 2020 með óvenju mikilli blómgun á öllum trjám. Birki, sitkagreni, stafafura og reyniviðir virðast ætla að blómstra mikið. Meira að segja eru blóm á rauðgreni og broddhlyn. Það fer síðan eftir aðstæðum í sumar hvernig fræmyndun verður í haust.



Síðasti aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss var haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 20:00 í sal Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna á Suðurlandi að Austurvegi 56. Mæting var góð.

Á dagskrá voru:

- venjuleg aðalfundarstörf
- fyrirlestur - rakin saga uppbyggingar í Hellisskógi í máli og myndum 1985-2019.

Guðbjartur Ólason kom nýr í stjórnina.

Stjórnina skipa:

- Örn Óskarsson - formaður
- Hermann Ólafsson - gjaldkeri
- Snorri Sigurfinnsson - ritari
- Björgvin Örn Eggertsson - meðstjórnandi
- Guðbjartur Ólason - meðstjórnandi

Framkvæmdir hófust í mars með skurðgreftri. Þá voru grafnir skurðir með stórrí gröfu (nánar í skýrslu síðasta starfsárs). Óli á Læk gróf síðan skurði víða í Hellisskógi með litlu gröfunni dagana 8. - 23. apríl 2019. Meira þarf að gera svo ástandið í framræslumálum verði viðunandi. Gömlu skurðirnir og ræsin eru að verða uppgróin og tré farin að daprast og sumsstaðar að velta vegna hárrar vatnsstöðu.°



Formaður safnaði græðlingaefni af alaskaöspum í mars í Hellisskógi. Um helmingurinn var af kvæminu Salka en annað er óþekkt. Í byrjun maí klippti formaður efnið niður og setti í vatnsfötur. Þetta urðu 570 græðlingar.

Úti-stjórnarfundur var í Hellinum 29. apríl. Allir stjórnarmenn mættu og Sigmundur Stefáns kom sem boðsgestur. Ákveðið að hafa plöntunarkvöld 9. og 23. maí.

Plöntunarvinna var 9. maí. Fimm mættu og stungu niður 570 aspargræðlingum austan við Hellinn. Jónína Magnúsdóttir kom með kaffi og meðlæti. Græðlingarnir rættu sig vel í sumar og afföll virtust vera lítil þrátt fyrir þurrka.

Þann 5. maí hitti formaður Jónínu Magnúsdóttir og dætur í Hellisskógi. Fundinn var staður fyrir minningarreit um Ólaf Hákon í holtinu ofan við trjásafnið.

Í maíbyrjun keypti formaður 10 steinbjarkir og bergreynitré á Kjarri (pottaplöntur).

Þann 16. maí fór formaðurinn í Þöll í Hafnarfirði og fyllti bílinn af pottaplöntum. 33 stk. (3 skrautreygni, 7 bergreyni, 8 úlfareyni, 15 alpareyni og fékk tvö alaskaepli gefins.)

Síðara vinnukvöldið var í Hellisskógi 23. maí. Plantað 45 reyniplöntum (pottaplöntur) við Hellinn. 9 félagar mættu. Plönturnar voru úr Þöll og frá Kjarri.

Þann 1. júní stjórnaði Snorri plöntun í Hellisskógi. Bárður Guðmundsson og bekkjafélagar hans komu og plöntuðu 52 birkitrjám (pottaplöntur) vestan við Hellinn (við Hellisbrú). Borið var of hressilega á plönturnar. Nokkur afföll urðu vegna skrælnunar.

Formaður og Sigmundur Stefánsson sóttum bílinn á Snæfoksstaði 4. júní og settum hann á smurstöð og keyptum tvo nýja rafgeyma. Þetta var fyrsti vinnudagur hjá Sigmundi.

Sigmundur vann síðan mánudaga - fimmtudaga. Alls 154 klst í sumar. Hann fékk 3-4 stráka hjá Selfossbæ 11. júní - 18. júlí. Þeir lögðu 200 m af stíg austan við Helli. Einnig var lagður stígur ofan við trjásafnið og komið fyrir bekk og 17 pottaplöntum við Ólafsreit. Lagður var stígur neðst í trjásafninu og Sigmundur gerði tröppur úr trjábolum upp á stallinn í trjásafninu. Svólítið var slegið með slátturorfi við Hellinn og í trjásafni. Síðsumars sló Sigmundur



Hellisbrúna og meðfram göngustígum.

Formaður tók við vinnuflokknum í Hellisskógi þegar Sigmundur fór í frí 13. - 20. júní.

Vélhjólbörurnar fóru í viðgerð á

Hondaverkstæðið í Reykjavík 11 júní. Viðgerð tók 3 vikur. Á meðan var notast við hjólbörur sem Ólafur Hákon gaf félaginu. Björgvin Örn færði félaginu aðrar hjólbörur síðar á sumrinu.

Þann 3. júlí voru vélhjólbörurnar sóttar úr viðgerð í Reykjavíkur. Skipt var um háspennukefli, síur, olíu ofl. Formaður nýtti ferðina í bæjinn og sótti garðbekk (kr. 110.000-) fyrir Ólafsreit í Gámapjónustuna í Hafnarfirði.

Formaður sótti tvær rúllur af jarðvegsdúk í Kemis 11 júní. Dúkurinn var notaður undir stígana.

Þann 20. júní komu 7 starfsmenn fyrirtækisins Healthline og plöntuðu 16 pottaplöntum við nýja stíginn austan við Helli. Að auki færðu þau félaginu peningagjöf (kr. 140.000-).

Formaður og Sigmundur settu upp minningarskjöld um Ólaf þann 22. júlí. Þór Sigmundsson steinsmiður sá um að útbúa skjöldinn. Kostnaður við skjöld, bekk og plöntur var greiddur af minningarsjóði um Ólaf.

Hermann, Sigmundur og undirritaður skipulögðu Ólafsreitinn í Júlí. Formleg víxla var 23. júlí. Þá kom fjölskylda Ólafs ásamt fjölda vina og vígði reitinn með smá athöfn.

Hreinn Óskarsson og Guðbjörg Arnardóttir plöntuðu nokkrum tugum af eikum austan og vestan Grímskletta. Plönturnar voru 15-20 cm háar. Því miður eyðilögðu kanínur hluta af plöntunum fljótlega eftir plöntun. Þær sem sluppu við skemmdir voru vel lifandi í vor.

Bíllinn var tekinn af skrá 19. ágúst og settur í vetrageymslu upp í Grímsnes. Einnig var sett læsing á kerru félagsins sem geymd er á sama stað.

Þann 27. ágúst skilaði formaður pottum í Þöll í Hafnarfirði. Í leiðinni keypti formaður dögglingsþyrni, síberíuþyrni og gljáhlyn í Þöll og fékk að launum



gefins 17 plöntar ýmsum tegundum. Þessu plantaði formaður í trjásafnið og víðar.

Dagana 30. sept - 3. okt vann Óli á Læk uppi í Hellisskógi við að jafna út skurðruðninga frá því í vor og gera þá tilbúna undir vegagerð. Hann notaði stóru gröfuna. Verkið tók 22 klst. Setti niður 4 ræsi, 3 plastræsi (8 tommu) og eitt stálræsi.

Í byrjun október flutti formaður 20 sjálfsána elrirunna (sitkaelri) úr elirreit vestan við Grímskletta og dreifði víða í Hellisskógi 2.-3. okt.

Guðjón Helgi Ólafsson / Asterix tætti upp fyrirhuguð plöntunarsvæði í Hellisskógi. Verkið vann hann dagana 6. - 7. nóvember. Alls 7 klst.

Björgvin Örn sagaði undan Sogslínunni 24. ágúst. Nokkur tré voru komin hættulega nærri línunni, þar á meðal birki. Björgvin vann mikið og þarft verk við grisjun víða um Hellisskóg í vetur. Einkum grisjaði hann birkireiti. Hann aðstoðaði einnig starfsmenn Selfossbæjar við að finna og fella jólatré fyrir torg bæjarins.

Formaður safnaði græðlingaefni af alaskaösp í Hellisskógi í febrúar og mars. Alls urðu þetta 700 græðlingar sem stungið var niður 13. maí 2020 í plægt land norðan við mýrina ofan Hellis og með Biskupstungnabraut.

Hreinn Óskarsson færði félaginu bunka af aspagreinum, alls 13 kvæmi af kynbættum öspum. Efniviðurinn er hluti af kvæmasafni sem Halldór Sverrisson hefur verið að prófa í Hrosshaga í Biskupstungum og víðar síðustu árin. Af þessu urðu til 537 græðlingar sem formaður stakk niður 25-28. apríl 2020 í plægt land norðan við mýrina ofan Hellis.

Þriðjudagskvöldið 19. maí var síðara vinnukvöldið í Hellisskógi. Að þessu sinni var plantað 600 sitkagreni og 160 birkiplöntum í svæði austan við Hellinn. Þrettán félagar mættu.

Lítið fór fyrir stjórnarfundum á útmánuðum vegna kófsins, en 22. apríl hélt stjórnin fund í Hellisskógi (Hellirinn). Allir mættu. - Örn, Snorri, Hermann, Björgvin og Guðbjartur.

Verkefni sumarsins verða hefðbundin þetta árið. Plöntunarvinna fór fram í maí eins og þegar er komið fram. Vinnuflokkur undir stjórn Sigmundar Stefánssonar verður í vinnu í 8 vikur. Unnið verður við hreinsun á grisjunarvið. Sverari bolir verða fluttir á Snæfoksstaði en annað urðað. Lagfæringar verða gerðar á eldri stígum og nýjir lagðir. Áhersla verður lögð á stíg efst í Hellisgili sem byrjað var að vinna á síðasta sumri.

Í trjásafni verður áfram unnið að snyrtingu og gerð stíga. Einnig er ætlunin að undirbúa merkingar á trjám í safninu með því að setja niður staura.

Síðsumars eða í haust verður haldið áfram að betrubæta framræslu með nettum skurðum í NV-hluta skógarins og ofan við Grímskletta.

Nokkrir félagar hafa fallið frá eða sagt sig úr félaginu á árinu. Við þökkum þessum félögum okkar fyrir gott samstarf og vel unnin störf á liðnum árum. Meðalaldur félagsmann er orðinn hár og brýn nauðsyn að afla nýrra félaga. Stjórnin hvetur félagsmenn til að taka þátt í viðleitni okkar til að efla félagið og leita nýrra félagsmanna.

Þá svo félagið eigi digra sjóði þá eru takmörk fyrir því hve miklu af eigin eign félagið eigi að eyða í framkvæmdir og uppbyggingu í Hellisskógi. Hellisskógur er ekki í eigu Skógræktarfélags Selfoss, heldur aðeins til afnota fyrir félagið til að byggja upp útivistarskóg. Ágætur samstarfs- og þjónustusamningur er til milli skógræktarfélagsins og Árborgar. Samningurinn er orðinn 10 ára og þarfnast nú endurskoðunnar. Vilji til endurskoðunar er fyrir hendi frá báðum aðilum og verður væntanlega farið í þá vinnu síðar á árinu.

Sjóðir félagssins hafa farið í uppbyggingu á trjásafni og verður svo áfram. Einnig verður farið í að endurskoða styrkuppþæðir og afla nýrra styrkja fyrir framkvæmdum í Hellisskógi.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss  
Örn Óskarsson